

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/533*  
*komudagur 8.12.2003*



3. desember 2003

**Efni: Umsögn SVP um þingsályktunartillögu um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, 99.mál.**

SVP-Samtök verslunar og þjónustu hafa yfirfarið þessa þingsályktun sem felur viðskiptaráðherra að skipa nefnd sem leggi mat á afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga í áföngum. Metin verði áhrif þessa á heimili og atvinnulíf, svo og á hagkerfið.

**Reifun máls**

Í greinargerð er bent á að meginforsenda verðtryggingar, sem sett var á við allt aðrar aðstæður en nú eru uppi á Íslandi og útlit er fyrir að verði áfram, var að hindra að sparifé brynni upp í mikilli verðbólgu og til að jafna út greiðslubyrði lántakenda á tímum mikilla hagsveiflna. Verðtrygging var minnkuð 1995 og 1998 takmörkuð við lengri útlán en til fimm ára. Þetta hefur þó ekki haft veruleg áhrif og lítið dregið úr verðtryggingu lána. Fram kemur að hlutfall verðtryggingar á ríkisskuldabréfum er hæst á Íslandi innan OECD landa eða um 86%. Verðtryggingu hefur aldrei verið beitt í útlánum lánastofnana til heimila í öðrum ríkjum OECD.

Nú hefur ríkt stöðugleiki um áratugaskeið í efnahagslífinu og trú á viðvarandi stöðugleika er til staðar í þjóðfélaginu, en það er talin forsenda þess að hægt sé að afnema verðtryggingu lána. Bent er á að útlendir fjárfestar, sem sóst er eftir hér á landi, líti verðtryggingu tortryggisauðum og það komi í veg fyrir fjárfestingar þeirra hér. Fræðimenn hafa nýlega sagt opinberlega að verðtrygging, eigin gjaldmiðill og smæð markaðarins geri Ísland að ólystugum fjárfestingarkosti fyrir útlenda fjárfesta. Í greinargerðinni er nefnt að það sé með ólíkindum að þrátt fyrir verðtrygginguna séu vextir á Íslandi með þeim hæstu sem þekkjast og vaxtamunur inn- og útlána eins mikill og raun ber vitni.


**Umsögn**

SVP – Samtök verslunar og þjónustu eru þeirrar skoðunar, að vextir og fjármagns-kostnaður sé of hár á Íslandi. Þau taka undir greinargerð frumvarpsins varðandi þetta atriði. Þetta leggur hömlur á atvinnulífið sem samtökin hljóta að leitast við að draga úr. Samtökin telja hins vegar að sammingsfrelsi eigi að vera meginregla í viðskiptum

um leið og áhersla sé lögð á að leikreglur séu sanngjarnar, skýrar og gagnsæjar. Í þessu ljósi er það niðurstaða samtakanna að verðtryggingu eigi að afnema á lánsfjármarkaði. Það auki jafnræði lántakenda og lánveitenda og stefni að samræmingu við lánsfjármarkaði nágrannalanda Íslands sem fyrirtæki, einkum hin stærri, geta nú leitað til með fjármögnun. Samtökin eru sammála því að miklir hagsmunir séu þarna í húfi og því beri að fara með gát í þessa endurskoðun.

Það er niðurstaða SVÞ-Samtaka verslunar og þjónustu með vísan til ofanritaðs, að samþykkinga eigi umrædda tillögu til þingsályktunar.

Virðingarfyllst.



Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri